



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**148. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 11. september 2026
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Birkir Ingibjartsson, Björg Fenger, Eydís Inga Valsdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir, Helgi Steinar Helgason, Hjördís Ýr Johnson, Hjörtur Örn Arnarsson, Karólína Helga Simonardóttir, Kjartan Atli Kjartansson, Magnús Benediktsson, Magnús Ingi Kristmannsson, Ómar Ingbórsson, Stefán Már Víðisson, Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri og Jóhannes Bjarki Bjarkason starfsmaður SSH.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Guðný María Jóhannsdóttir setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun - Samtal og kynning - 2505004

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) sinnir ýmsum verkefnum á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála. Á sviði skipulagsmála hefur stofnunin meðal annars eftirlit með framkvæmd skipulagslaga, veitir upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál og aðstoðar sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana.

Fulltrúar HMS komu á fundinn til að kynna hlutverk og verkefni stofnunarinnar og eiga samtal við nefndina um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og hlutverk svæðisskipulagsnefndar.

Gestir

Ólafur Árnason, framkvæmdastjóri sviðs skipulags og umhverfismats, HMS -

Herdís Sigurgrímsdóttir, teymisstjóri skipulagsmála, HMS -

Fulltrúar HMS fóru yfir kynningu sína, svöruðu spurningum og tóku þátt í umræðum.

2. Fundartími 150. fundar svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Á 147. fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 14. ágúst sl., samþykkti nefndin starfsáætlun fyrir veturinn 2026-2027. Á fundi stjórnar SSH þann 17. ágúst sl. var samþykkt að aðalfundur SSH yrði haldinn 13. nóvember nk. Af þeim sökum þarf að færa 150. fund svæðisskipulagsnefndar, sem samkvæmt starfsáætlun er fyrirhugaður sama dag.

Fyrirliggjandi er tillaga um að 150. fundur svæðisskipulagsnefndar verði haldinn 6. nóvember nk. í stað 13. nóvember.

Á fundinum lagði formaður til að fundartími 150. fundar yrði jafnframt lengdur og að sérfræðingar í skipulagsmálum yrðu boðaðir til kynninga og samtals um skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins og svæðisskipulag þess.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður fóru fram.

Samþykkt að færa 150. fund nefndarinnar til 6. nóvember nk., lengja fundartíma og boða sérfræðinga til samtals við nefndina. Þá er svæðisskipulagsstjóra og formanni falið að gera drög að fundardagskrá til samræmis við umræður fundarins og leggja fyrir nefndina.

3. Áform um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 - 2608004

Á síðasta fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 14. ágúst sl., var svæðisskipulagsstjóra falið að vinna umsögn vegna áforma félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um breytingu á skipulagslögum.

Fyrirliggjandi er yfirlit yfir umsagnir sem bárust við áformin. Umsögn svæðisskipulagsnefndar er jafnframt lögð fram til staðfestingar.

Umsögn svæðisskipulagsnefndar staðfest.

Svæðisskipulagsstjóri fór yfir umsagnir sem bárust við áformin. Umræður.

4. Græni stígurinn - 2301008

Á 146. fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 18. maí sl., var til erindi Skógræktarfélags Íslands til stjórnar SSH dags. 27. febrúar 2026 lagt fram til kynningar. Á fundinum var svæðisskipulagsstjóra falið að senda erindið til sveitarfélaganna.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra með nánari lýsingu á verkefninu og stöðu þess.

Svæðisskipulagsstjóri fór yfir stöðu málsins.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að vinna áfram að málinu til samræmis við fyrirliggjandi minnisblað og umræður fundarins.

Hjörtur Örn fór af fundi kl. 15:13. Karólína Helga fór af fundi kl. 15:16.

5. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2027 - 1510002

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026.

Svæðisskipulagsstjóri kynnti tillöguna.

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2027.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu